

Sp.

133. Tillaga til þingsályktunar

um áfengismál.

Flm.: Pétur Ottesen, Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson, Þorsteinn Briem.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að hvíka í engu frá þeirri ákvörðun, sem ríkisstjórnin tók á s. l. ári um lokun áfengisverzlana ríkisins, og láta nú þegar niður falla allar þær tilslakanir, sem gerðar hafa verið í þessu efni, og verði þeirri framkvæmd eigi breytt án samþykkis Alþingis, meðan erlent herlið dvelur í landinu.
2. Að vinna að því við stjórnir þeirra ríkja, sem herlið er komið frá hingað til lands, að komið verði í veg fyrir öll vínútlát til Íslendinga frá herliðinu.

Greinargerð.

Því var mjög fagnað af öllum almenningi í landinu, þegar ríkisstjórnin sýndi þá rögg af sér á s. l. ári að loka vinnubúðum ríkisins. Sú ákvörðun er talandi vottur um gerhygli hennar á þeim háská, sem þjóðinni er búinn af vinnflóðinu, hún ber og vott um einlæga viðleitni til þess að bægja þessari hættu frá bæjarðyrum hennar. Allir velunnarar hindindis og hvers konar öryggisvarðveizlu í landinu hljóta að færa ríkisstjórninni þakkir og viðurkenningu fyrir þá stefnu í þessum málum, sem hún markaði með lokuninni. En svo sem af líkum má ráða hefur það valdið sárum vonbrigðum, að ríkisstjórnina skuli nú upp á síðkastið hafa hrakið nokkuð af leið þeirrar gófugu og giftusömu ákvörðunar, sem lýst er hér að framan. Það var strax upp úr áramótunum síðustu, sem fyrsta ógæfusporið var stigið.

Síðan hefur í gegnum bakdyr vinnubúðanna, sem áður var hespa og lás fyrir, runnið með vaxandi fallþunga allstriður vinstraumur inn í samkvæmislíf höfuðstaðarins og víðar. Þetta hefur skeð með þeim sorglega hætti, að ríkisstjórnina, sem hér hefur glapizt sýn, hefur hent það slys að veita undanþágur um vinnútlát til notkunar í samkvæmum. Með þessu byrjar undanhaldið, og svo tekur flóttinn við frá hinum góða og hrósverða ásetningi. Nú er sem sé svo komið, samkvæmt skýrslum, sem við flutningsmenn þessarar tillögu höfum í höndum, að í viðbót við strauminn, sem flýtur inn í samkvæmislífið, þá hafa ýmsir meiri háttar broddborgarar komizt upp á það krambúðarloftið hjá ríkisstjórninni að fá bakdyra megin vinn til eigin neyzlu á heimilum sínum og til risnu þar.

Þessum málum er því þannig komið nú, að Alþingi ber skylda til að leggja fram líð sitt og krafta til þess að hið góða og lofsverða áform ríkisstjórnarinnar, sem lýsti sér í algerrri lokun vinnubúðanna, fái aftur að njóta sín. Útrétt hönd Alþingis, hófleg og vinsamleg bending og aðvörun úr þeirri átt ætti að geta læknað og upprætt þá veilu í skapgerð ríkisstjórnarinnar, sem hefur valdið þessari undanlátssemi. Að þessa lýtur fyrri liður tillögunnar.

Um síðari liðinn er það að segja, að það er vitað, að einstakir menn í setuliðinu fá flutt til landsins með íslenskum skipum og skipum, sem eru á vegum íslenskra skipafélaga, miklar vinnbirgðir og, að því er talið er, að meira eða minna leyti keyptar fyrir milligöngu íslensks manns eða manna í verzlunarstétt. Grunur liggur á, — og í sumum tilfellum eru fyrir því sannanir —, að frá þessum flutningum stafi vinnútlát til Íslendinga.

Það er til þess ætlað, að ríkisstjórnin gangi vasklega fram í því og geri til þess allt, sem unnt er, að komið verði í veg fyrir þetta ósæmilega og hættulega hátterni.